

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1974

Nr. 12.

234

28. mars 1974.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laganna komi ný mgr., er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málgr. 3. gr. laga þessara er skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins og fá orlof sitt greitt, er það óskar, á því orlofsári, er orlofsréttur myndast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 28. mars 1974.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Björn Jónsson.

Nr. 13.

28. febrúar 1974.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og til kaupa á 2 ferjuskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 nýjum fiskiskipum yfir 300 lestir. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipanna.